

Fundur í Minjaráði Norðurlands eystra, föstudaginn 5. júní kl. 13.00 á Borgum við Norðurslóð.

Mætt voru Sigríður Örvarsdóttir, Guðmundur Ögmundsson, Unnsteinn Ingason og Sædís Gunnarsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð

1. Fréttir af minjasvæðinu.
 - a. Hugmyndir um sameiningu MÍ við aðrar stofnanir ekki í vinnslu eins og staðan er núna.
 - b. Landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum. Öllum styrktum verkefnum innan minjasvæðisins er lokið, unnið að því að huga að nýjum verkefnum.
 - c. Minjavörður minnir á alltaf er hægt að hafa samband við hana ef áhugi er á því að halda fyrirlestra/kynningar um menningarminjar innan svæðisins.
 - d. Farið var yfir helstu niðurstöður uppgrafa síðasta sumars.
2. Friðlýstar fornleifar á NA landi – átaksverkefni MÍ.
 - a. Til stendur að taka drónamyndir af sem flestum friðlýstum minjastöðum. Byrjað verður á þeim stöðum sem eru enn alveg óskráðir.
3. Langanes skráningarverkefni
 - a. Kynning á skráningarverkefni á utanverðu Langanesi sem var styrkt á Byggðaáætlun. Lítið eftir af verkefninu, en fjármögnun óviss.
4. Skráning á skaganum milli Eyjafjarðar og Skjálfanda
 - a. Flott kynning haldin í Ljósveitningabúð á dögnum. Mjög fjölmennt og fólk mjög áhugasamt. Áhugaverðar niðurstöður og vonandi fást styrkir í að klára allan skagann og Flatey.
5. Nýminjar
 - a. Minjavörður vinnur að sérverkefni með minjaverði Reykjavíkur. Viðbrögð stofnunarinnar vegna breytinga á lögum um menningarminjar þar sem hús og mannvirki byggð eftir 1923 verða ekki friðuð sjálfkrafa. Alþjóðlegt vandamál og er verið að skoða viðbrögð annarra þjóða við hvernig velja eigi hús og staði til að vernda til framtíðar.
6. Önnur mál
 - a. Upp kom tillaga að minjaráði myndi setja saman bréf með hvatningu til nýrra sveitarstjórna að huga að menningarminjum innan sinna sveitarfélaga. GÖ tekur að sér að gera drög að bréfi.